

Mál nr. 260/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Tegund vátryggingar: Slysátrygging fjölskyldutryggingar.****Tilkynningarfrestur. Gildissvið vátryggingar.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 25. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 19. september 2022.
3. Bréf lögmanns M, dags. 27. september 2022.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hlaut líkamstjón þegar hann féll úr stiga og lenti á vinstri öxl hinn 30. mars 2018. Í sömu gögnum eru læknisfræðileg gögn málsins rakin frá því að hann leitaði samdægurs á bráðamóttöku heilsugæslu þar til hann fór í aðgerð á vinstri öxl í maí 2018 og eftir það er reglulegum heimsóknnum hans til sérfræðings í bæklunarlækningum lýst, þ.á.m. í september 2019 þar sem læknirinn telur ástæðu til að skoða M aftur ári síðar með röntgen- og ómskoðun. Hinn 4. maí 2020 kveðst M hafa sent fyrirspurn á V varðandi fjölskyldutryggingu hans og hafi þá fengið þau svör að sú trygging hafi tekið gildi 12. júlí 2018, eða eftir slys fyrrnefnt slys hans. Í tölvupóstsamskiptum M hinn 8. apríl 2021 kemur hins vegar fram að mistök hafi átt sér stað hjá V og beðist afsökunar á þeim mistökum og af gögnum málsins má ætla að V hafi gefið út fjölskyldutryggingu afturvirkta þannig að hún nái til tjónsdagsins 30. mars 2018. Hinn 30. júní 2021 var slys M tilkynnt til V. Hinn 14. júlí 2021 tók V þá afstöðu að með vísan til gr. 5.6 í 4. kafla vátryggingarskilmála um að matsfrestur væri liðinn myndi félagið „*því ekki halda áfram með vinnslu málsins.*“

M telur hvorki matsfrest vátryggingarskilmála né tilkynningarfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 hafa verið liðinn þegar M tilkynnti um slys til V hinn 30. júní 2021. M vísar til þess að vegna mistaka V hafi M ekki verið kunnugt um að hann hafi verið vátryggður fyrir en í fyrsta lagi í apríl 2021 og verði að túlka ofangreinda fresti m.t.t. þeirra mistaka. M vísar til læknisfræðilegra gagna málsins og telur að það hafi í fyrsta lagi verið í september 2019, þegar hann leitaði til bæklunarlæknis, eftir að hafa fengið nokkurn bara eftir aðgerð á árinu 2018, að hann vissi fyrst um atvik sem krafa hans er reist á í skilningi 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. M hafi síðan haft samband við V í apríl 2020, innan árs frá þeim tímapunkti og þá fengið rangar upplýsingar um gildistíma vátryggingar sinnar og því ekki getað komið á framfæri tjónstilkynningu vegna atvika sem varða V. Einnig telur M að túlka verið matsfrest í vátryggingarskilmálum V um að örorkumat skuli fara fram ekki síðar en þremur árum frá slysdegi einnig með hliðsjón af mistökum V vegna útgáfu fjölskyldutryggingar á réttum tíma og þannig hafi M misst af því að koma málinu í mat í apríl 2020, þegar hann hefði tilkynnt tjónið í síðasta lagi. Þá voru um 10 mánuðir eftir af þriggja ára tímabili sem tilgreint er í vátryggingarskilmálum og verði V að bera hallann af því að hafa ekki gefið réttar upplýsingar á þeim tíma.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að frestur til að tilkynna tjónsatburðinn, sem varð 30. mars 2018, hafi verið liðinn þegar tjónstilkynning M til V barst V hinn 30. júní 2021 til V. Vísar V um það til gr. 14.2 í vátryggingaskilmálum og nær samhljóða 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 um að vátryggður glati rétti til bóta ef hann tilkynnir ekki um tjón sitt innan árs frá því að hann vissi um atvik sem bótakrafa er reist á. Einnig vísar V til þess að í gr. 5.6 í vátryggingarskilmálum segi skýrlega að mat á varanlegum afleiðingum slyss skuli fara fram innan þriggja ára frá slysdegi. V bendir á að sá frestur hafi runnið út í tilvikum M hinn 30. mars 2021 og því útrunnin þegar tilkynnt var um tjón hans 30. júní 2021.

Álit.

Í þessu máli er ágreiningur um hvort eins árs tilkynningarfrestur gr. 14.2 í vátryggingarskilmálum V og 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga sem og hvort þriggja ára frestur til að afla örorkumats skv. gr. 5.6 í 4. kafla vátryggingarskilmála V hafi verið liðinn þegar M tilkynnti V um slys sem varð 30. mars 2018 með tjónstilkynningu dags. 30. júní 2021.

Í gögnum málsins liggur fyrir að fjölskyldutrygging M tók fyrst gildi í júlí 2018, eða eftir að slys M átti sér stað. Þegar M grennslaðist fyrir um váttryggingavernd sína í apríl 2020 fékk hann enda þau svör frá V. Þegar M kannaði máli betur kom í ljós að mistök höfðu verið gerð af hálfu V við útgáfu váttrygginga og átti fjölskyldutrygging M hjá V að hafa tekið gildi á árinu 2017. Leiðrétti V þau mistök sín í apríl 2021. Við þessar aðstæður verður ekki séð að M hafi verið gefinn kostur á að tilkynna um slys sitt til V fyrir en eftir að umrædd mistök voru leiðrétt eða í fyrsta lagi í apríl 2021, eða þegar þriggja ára matsfrestur skv. gr. 5.6. í 4. kafla váttryggingarskilmála var liðinn.

Ágreiningslaust er að M hafði samband við V til að grennslast fyrir um váttryggingarvernd sína í byrjun apríl 2020. Þau svör sem hann fékk frá V á þeim tíma markast af því sem starfsmaður V viðurkennir sem mistök og biðst afsökunar á um ári síðar. Verður að ætla að ef M hefði fengið réttar upplýsingar um váttryggingarvernd sína í apríl 2020 hefði hann tilkynnt um slys sitt á þeim tímapunkti til V og verður V að bera hallann af því að hafa gefið rangar upplýsingar á þeim tíma. Viðurkenning á mistökum V liggur fyrir og verður V að bera hallann af því að hafa gert slík mistök við útgáfu váttrygginga M.

Þetta þýðir að miða verður við að tilkynning M um slys hefði komið til V í síðasta lagi fljótlega eftir fyrirspurn hans í byrjun apríl 2020. Þá var matsfrestur gr. 5.6. í 4. kafla váttryggingarskilmálum ekki liðinn og verður því ekki byggt á honum. Við mat á því hvort M í apríl 2020 hafi tilkynnt V innan eins árs um bótakröfu sína og atvik sem hún er reist á verður að líta m.a. til dómaframkvæmdar um túlkun á 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga. Líta verður til þess hvenær M máttu vera varanlegar afleiðingar slyssins ljósar m.v. þau lækisfræðilegu gögn sem liggja fyrir í málinu.

Í lækisvottorðum bæklunarlækis og öðrum skjölum sem frá honum stafa kemur fram að axlaraðgerð sem framkvæmd hafi verið á M í maí 2018 hafi gengið vel og M hafi náð góðum styrk eftir aðgerðina. M hafi síðan leitað til þess lækis reglulega, síðast í september 2019 þar sem læknirinn taldi rétt að bíða í eitt ár með frekari myndatökum til að meta mögulegar frekari afleiðingar áverkans sem M hlaut í slysinu. Af þessum lækisfræðilegu upplýsingum verður ekki ráðið að M hafi verið kunnugt um atvik sem bótakrafa vegna varanlegra afleiðinga slyss hans sé reist meira en einu ári áður en hann kannaði váttryggingarvernd sína hjá V í apríl 2020 og hefði átt þess kost að tilkynna tjón sitt. M telst því eiga rétt til bóta hjá V.

Mikilvægt er að neytendur sem viðskiptavinir váttryggingafélaga fái réttar upplýsingar um váttryggingavernd sína og að váttryggingafélög, sem selja vöru sem felur alla jafna í sér staðlaða váttryggingarskilmála, taki mið af aðstæðum þegar mistök eru gerð af þeirra hálfu við útgáfu váttrygginga. Í því samhengi vegur réttur váttryggingartaka til að fá þau mistök leiðrétt með hliðsjón af aðstæðum þyngra en almenn tilvísun V til þess að váttryggingartakar eigi sjálfir að hafa yfirsýn yfir eigin váttryggingarviðskipti.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 1. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir